

Nr. 779

4. september 2009

## AUGLÝSING

**um breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024,  
tvöföldun Suðurlandsvegar; Kópavogsbær, Reykjavíkurborg, Mosfellsbær  
og Seltjarnarneskaupstaður.**

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 4. september 2009 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í tvöföldun Suðurlandsvegar, að mestu í núverandi vegstæði frá Norðlingaholti í Reykjavík að vesturmörkum Sveitarfélagsins Ölfuss með tveimur aðskildum akreinum í hvora átt ásamt mislægum gatnamótum. Skilgreining vargarins í svæðisskipulaginu breytist úr „Aðrar stofnbrautir, svæðisbundnar tengibrautir og svæðisvegir til bráðabirgða“ í „Stofnbrautir með mislæg gatnamót“.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 4. september 2009.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Logi Kjartansson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 18. september 2009